

## Umsögn um drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó

### 1. Trygging vegna skaða og frágangs

- **Fyrirtæki sem setja upp mengandi starfsemi eiga að bera ábyrgð á þeim skaða sem starfsemin veldur með einhverju hætti og fyrir þurfa að liggja tryggingar sem nýtast ef eitthvað kemur uppá í starfseminni.** Sem dæmi má nefna að ferðaskrifstofur þurfa að leggja fram tryggingu sem notuð er ef starfsemin riðlast. Eins eiga eldisfyrirtæki í sjó að leggja fram tryggingu eða greiða árlega í sjóð sem hafður er aðskildur til að nýta til dæmis í hreinsunarstarf vegna stórs slyss eða að fyrirtæki fari á hausinn og hafi ekki fjármagn í að ganga sómasamlega frá sjókvíum. Kostnaðarmeta þarf hve mikið fjármagn þarf ef til stórra slysa kemur í starfseminni og hvað kostar að loka eldisstöð eða stöðvum, til dæmis ef þær yrðu allar gjaldþrota á svipuðum tíma vegna langvarandi lágs heimsmarkaðsverðs á laxi.

### 2. Greining á upphæð gjalds og kostnaði

- **Engin greining virðist liggja fyrir um hvaða forsendur liggja á baki gjaldinu í frumvarpinu.** Til að faglega sé að frumvarpinu staðið þarf að leggja fram greiningu á framleiðslukostnaði mismunandi framleiðsluaðferða og sviðsmyndir um markaðsverð til lengri tíma lítið til að hafa einhverja sýn á hversu hátt eða lágt þetta gjald er. Einnig þarf að kostnaðarmeta skaða sem starfsemin veldur á náttúru og ytri hagsmunum, svo sem hagsmunum og eignarrétti veiðiréttihafa. Einnig þarf að kostnaðarmeta rekstur opinberra stofnana og eftirlits sem eldinu tengjast. Gjaldið þarf að vera nægjanlega hátt til að standa undir þeim kostnaði sem laxeldið veldur en vera nógu lágt til að starfsemin beri sig, eða ef til vill kemur í ljós að starfsemin sé ekki sjálfbær rekstrarlega séð þegar allur kostnaður er talinn með.

### 3. Samanburður við landeldi og sjálfbærni

- **Það vantar langtímasýn á sjálfbærni í frumvarpið og að gjaldið hækki fyrir þá starfsemi sem ná ekki að uppfylla markmið um sjálfbærni.** Mun ríkari kröfur eru lagðar á mengunarvarnir og frárennsli laxeldis á landi. Það þyrfti að taka þennan samanburð sérstaklega fyrir í frumvarpinu og setja sömu kröfur á laxeldi í sjó, að minnsta kosti til lengri tíma lítið. Að sjóeldi verði orðið jafn sjálfbært og eldi á landi hvað varðar mengun, slysasleppingar og sníkjudýr. Það ætti að gefa aðlögunartíma til dæmis sjö ár eða megi ekki stækka fyrr en sjóeldið er orðið jafn sjálfbært og landeldi, en að öðrum kosti greiða margfalt gjald á við þau eldi í sjó sem eru sjálfbær.